



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN  
ALMANNAVARNAEILD



Embætti  
landlæknis  
Directorate of Health

Reykjavík, 5. október 2020

## Efni: Upplýsingar vegna kórónaveiru COVID-19 – Mötuneyti

Almennt er smitleið kórónaveirunnar talin vera snerti- og dropasmit, sem er svipuð smitleið og íinflúensu. Kórónaveiran getur dreifst þegar smitaður einstaklingur hóstar, hnerrar eða snýtir sér og hraustur einstaklingur andar að sér dropum/úða frá honum. Einnig ef hendur hrausts einstaklings mengast af sýktum dropum/úða og hann ber þær svo upp að andliti sínu.

Ekki hefur verið staðfest að fólk geti verið smitandi áður en einkenni koma fram en sumir fá lítil sem engin einkenni en geta þó verið smitandi. Veiran lifir í stuttan tíma á hörðum flötum utan líkamans (talið vera klukkustundir frekar en dagar). Þannig geta sameiginlegir snertifletir eins og eldhúsahöld og vatnskönnur mögulega borið smit ef einhver veikur hnerrar eða hóstar á hlutina eða snertir þá með óhreinum höndum. Talið er öruggast að matur sé skammtaður af starfsmönnum mötuneyta, sem ættu að nota einnota hanska við vinnu sína.

Nauðsynlegt er að ítreka mikilvægi handþvottar og notkunar á handspritti við alla starfsmenn.

Á vef embætti landlæknis er að finna ítarlegar upplýsingar <https://www.landlaeknir.is/>.

Virðingarfyllst,

Samhæfingarstöð almannavarna